

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 34. fundur.

að Hlíðavegi 6, 11. 3. 2004, kl. 13:30.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Erindi umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um verndun Laxár og Mývatns.
3. Bréf umhverfisnefndar Skútustaðahrepps, drög að umhverfisstefnu.
4. Erindi félagsmálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.
5. Erindi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um samskipti stofnunarinnar og sveitarfélaga.
6. Fundargerð bygginganefndar frá 2. mars.
7. Erindi Hestamannafélagsins Þjálfar um reiðveg milli Arndísarstaða og Gautlanda (Gullveg).
8. Bréf Vegagerðarinnar til Kísiliðjunnar um fyrirkomulag snjómokstrar og hálkuvarnir á Kísilvegi.
9. Forkaupsréttarákvæði jarðalaga nr. 65/1975.
10. Erindi frá "foreldrum glímukrakka" þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna þátttöku í glímumóti grunnskóla.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson, Böðvar Pétusson. Jón Óskar og Birkir Fanndal boðuðu forföll.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og lagði til að 10. máli yrði bætt á dagskrá.

**2. Erindi umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um verndun Laxár og Mývatns.**

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

**Almennt:**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að enn á ný er lagt fram frumvarp á Alþingi til breytingar á lögum nr. 36/1974. Um langt skeið hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýst því hvernig gildandi lög um verndun Mývatns og Laxár hafa valdið vandkvæðum við stjórnsýslu í Skútustaðahreppi. Frv. það sem hér er til meðferðar er að mestu samhljóða frv. sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi 637. mál, en þó er nú skotið inn ákvæði til bráðabirgða III sem valdið hefur miklu fjaðrafoki. Um 637. mál á 128. löggjafarþingi veitti sveitarstjórn Skútustaðahrepps umsögn með bréfi dags. 14. apríl 2003 til nefndasviðs Alþingis. Afrit af því bréfi fylgir umsögn þessari.

**Einstakar greinar:****2. gr. frv.**

Sveitarstjórn óttast ónákvæmni á skilgreiningum í lagagreininni. Talað er um 200 m. bakka meðfram vötnum o.s.v.frv. Annars staðar er vitnað til fskj. I og II sem eru kort af svæðinu. Það er ljóst að kunnugir heimamenn eru ekki á eitt sáttir um það svæði sem markað er á kortunum. Því er afar mikilvægt að kortin verði nákvæmlega úr garði gerð og landeigendur hafðir með í ráðum. Sveitarstjórn telur mikilvægt að tekin verði af tvímæli um lagagildi kortanna.

**Í 3.gr. 1.mgr. segir:**

*Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs.....*

Í frv. því sem lagt var fyrir 128. löggjafarþing hljóðaði greinin svo:

*“Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Breytingar á hæð vatnsborðs.....”*

Í athugasemdum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps fyrir ári síðan var lagt til að í stað orðanna “búskap á lögbýlum” kæmi “**atvinnulíf á svæðinu.**”

Sveitarstjórn taldi óeðlilegt að búskap væri gert hærra undir höfði en öðrum atvinnugreinum og jafnframt óljóst á stundum hvað telja megi til búskapar. Því taldi sveitarstjórn rétt að gera þær breytingar að orðin “búskap á lögbýlum” falli út og í þeirra stað komi “**atvinnulíf á svæðinu.**”

Málgreinin hefði þá hljóðað á eftirfarandi hátt:

**“Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir atvinnulíf á svæðinu , enda valdi þær ekki**

**spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Breytingar á hæð vatnsborðs.....”**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps krefst þess að málsgreinin hljóði eins og greinir hér að framan, þ.e. að eftirfarandi setning verði tekin inn í frv. **Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir atvinnulíf á svæðinu, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.**

Með því að framangreind setning verði felld í brott þrengist ákvæðið frá því verið hefur í gildandi lögum. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ekki litið svo á að til stæði að þrengja lög, heldur þvert á móti.

### **Í 3.gr. 3. mgr. segir**

*Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.*

Sveitarstjórn leggur til að niðurlag málsgreinarinnar **“þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.”** falli niður og hljóði mgr. þá svo:

**“Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár.”**

Sveitarstjórn telur óþarft og óskynsamlegt að kveða á um innihald reglugerðarinnar að hluta í lögnum. Sveitarfélögin á svæðinu munu veita umsögn um reglugerðina og telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps óheppilegt að löggjafinn mæli fyrir um afmörkuð ákvæði reglugerðarinnar.

### **Í 4.gr 2. mgr. segir:**

*“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.”*

Sveitarstjórn telur rétt að fella út orðið **“atvinnufyrirtækja”** og hljóði hún þá á eftirfarandi hátt:

**“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna á svæðinu.”**

Skýringar: Greinin er markvissari með þessum hætti að mati sveitarstjórnar þar sem fleiri geta valdið mengun en atvinnufyrirtæki.

### **Ákvæði til bráðabirgða. III**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að umræður um þetta ákvæði laganna hafi farið í óheppilegan farveg bæði innan þings og utan. Vegna þess samþykkti sveitarstjórn Skútustaðahrepps samhljóða eftirfarandi ályktun á aukafundi sínum 5. mars:

“Um langt árabíl hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps haft uppi óskir um að lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974 verði breytt. Helstu ástæður óska

Skútustaðahrepps hafa verið þær að skipulagsmál og allar framkvæmdir í hinum víðfema hreppi hafa lotið leyfisveitingu Umhverfisstofnunar, áður Náttúruverndar ríkisins. Á ýmsu hefur gengið í þeim samskiptum, þó svo þau hafi farið batnandi. Engu að síður telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps óeðlilegt að íbúar Mývatnssveitar búi við önnur lög en aðrir landsmenn.

Í kjölfar endurtekinna óska sveitarstjórnar Skútustaðahrepps var skipuð nefnd til að endurskoða löggin. Sú nefnd náði samkomulagi og til varð lagafrumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi og aftur nú á yfirstandandi þingi, en þá að viðbættu bráðabirgðaákvæði sem mjög hefur verið til umræðu í fjölmiðlum að undanfögnu. Í kjölfar samþykktu Landeigendafélags Laxár og Mývatns í gær um bráðabirgðaákvæðið lýsti umhverfisráðherra þeirri skoðun sinni að hún teldi rétt að málið biði í nefnd þingsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir verulegum áhyggjum vegna þessa máls og leggur þunga áherslu á að meginefni frumvarpsins verði afgreitt á yfirstandandi þingi og þá án bráðabirgðaákvæðisins nái þeir sem um það deila ekki samkomulagi um málið. Ef þurfa þykir má síðar breyta lögnum þannig að mögulegt verði að framkvæma umhverfismat til að ráða bót á sandburði í Laxá sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur afar mikilvægt fyrir lífríki Laxár og Mývatns og til mikilla hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila málsins.”

Að lokum:

Sveitarstjórn ítrekar óskir um að frv. megi ná fram að ganga á yfirstandandi löggjafarþingi. Umræður í þinginu og í samfélaginu hafa gengið á þann veg að meginefni frv. veldur ekki ágreiningi og með öllu óþarft að tefja þetta brýna hagsmunamál Mývetninga frekar.

### 3. Bréf umhverfisnefndar Skútustaðahrepps, drög að umhverfisstefnu.

Bréf nefndarinnar fer hér á eftir:

*Mývatnssveit 2. mars 2004.*

*Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps hefur um nokkurt skeið unnið að mótun umhverfisstefnu sem sveitarstjórn lagði upp með að gera á kjörtímabilinu. Haldnir hafa verið sex fundir í nefndinni og farið hefur verið um víðan völl og margt verið rætt.*

*Með bréfi þessu fylgja drög að umhverfisstefnu, sem nefndin mælist til að verði send á öll heimili í hreppnum og íbúum gefinn kostur á að gera athugasemdir og koma hugmyndum sínum á framfæri. Nefndin telur rétt að íbúum verði gefinn u.þ.b. sex vikna frestur til að koma athugasemdum á framfæri. Að því loknu muni nefndin fara yfir og svara athugasemdunum efnislega og ljúka við endanlega tillögu að umhverfisstefnu til sveitarstjórnar, sem nefndin og sveitarstjórn muni kynna fyrir íbúum á almennum fundi á haustdögum.*

*Við endanlegan frágang umhverfisstefnunnar er mikilvægt að fyrir liggi á tölvutæku formi upplýsingar um eftirfarandi atriði og þau gerð aðgengileg á heimasíðu í tengslum við umhverfisstefnuna:*

- a) Friðlýst svæði.*
- b) Náttúruminjaskrá.*
- c) Fornminjaskrá.*
- d) Skrá um náttúru- og /eða söguminjar.*

*Virðingarfyllst,  
Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps*

Sveitarstjórn samþykkir tillögur nefndarinnar um málsmeðferð og felur sveitarstjóra að senda drögin til íbúa Skútustaðahrepps.

4. **Erindi félagsmálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.**  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frv.
5. **Erindi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um samskipti stofnunarinnar og sveitarfélaga.**  
Sveitarstjórn samþykkir hugmyndir forsvarsmanns heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um fyrirkomulag samskiptanna.
6. **Fundargerð bygginganefndar frá 2. mars.**  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir liði 1, 3, 5, 7 og 8 sem eiga við um Skútustaðahrepp.
7. **Erindi Hestamannafélagsins Þjálfar um reiðveg milli Arndísarstaða og Gautlanda (Gullveg).**  
Sveitarstjórn samþykkir að reiðvegur milli Arndísarstaða og Gautlanda verði settur á aðalskipulag þegar tekið verður til við endurskoðun aðalskipulagsins, enda þessi reiðleið meðal þeirra sem eru í markmiðasetningu gildandi aðalskipulags.  
Framkvæmdaaðilar gæti þess að samráð verði haft við landeigendur um framkvæmdirnar.
8. **Bréf Vegagerðarinnar til Kísiliðjunnar um fyrirkomulag snjómokstrar og hálkuvarnir á Kísilvegi.**  
Í bréfinu, sem undirritað er af Birgi Guðmundssyni, umdæmisstjóra, kemur fram að hægt er að breyta mokstursdögum nái Kísiliðjan samkomulagi um það við Skútustaðahrepp.  
Sveitarstjórn telur augljóst að hagsmunir Kísiliðjunnar og Sniðils vegi þyngst þegar rætt er um mokstursdaga. Æskilegt væri að moksturdagarnir væru sex, en náist ekki um það samkomulag hefur sveitarstjórn engar athugasemdir við að mokað verði á þriðjudögum í stað sunnudaga, eins og nú er gert.
9. **Forkaupsréttarákvæði jarðalaga nr. 65/1975.**  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að sveitarfélagið eigi forkaupsrétt að Reykjahlíð 3 samkv. 35. gr. jarðarlaga. Rætt var um málið. Ákvörðun um hvort sveitarfélagið hyggist neyta forkaupsréttarins frestað.
10. **Erindi frá “foreldrum glímukrakka” þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna þátttöku í glímumóti grunnskóla.**  
Samþykkt að veita umbeðinn styrk kr. 30 þús.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Þuríður Snæbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Yngvi Ragnar Kristjánsson,  
Böðvar Pétusson.